

Greinargerð vegna viðbótarkönnunar fornleifa á Hellisheiði

Birna Lárusdóttir



Fornleifastofnun Íslands

FS351-07061

Reykjavík

2007



© Fornleifastofnun Íslands 2007

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Fax: 551 1047

Netfang: fsi@instarch.is

Heimasíða: www.instarch.is

Helstu niðurstöður:

- Engar fornleifar eru í hættu vegna viðbótarframkvæmda Orkuveitunnar
- Ein fornleif var skráð um 200 m frá lagnastæði uppi á Svínahlíð.
- Fornleif sem áður hafði verið skráð, Hellisheiðarvegur frá því skömmu fyrir aldamótin 1900, er nú í hættu vegna fyrirhugaðra lagna í Smiðjulaut.
- **Viðauki:** nokkrar áður óþekktar tóftir voru skráðar við Skarðsmýri og hleðsla við Litla-Skarðsmýrarfjall.

Inngangur

Sumarið 2006 gerði Fornleifastofnun Íslands úttekt á fornleifum fyrir Orkuveitu Reykjavíkur vegna virkjanaframkvæmda, annars vegar á svæði undir Hverahlíð og hins vegar svæði sem ýmist er kennt við Ölkelduháls eða Bitru. Í framhaldi af því var gefin út skýrsla um fornleifar sem þar eru þekktar.¹

Á vordögum 2007 fór VSÓ-ráðgjöf þess á leit fyrir hönd Orkuveitu Reykjavíkur að fram færi viðbótarannsókn á svæðinu vegna nýrra upplýsinga frá Orkuveitunni. Nýjungarnar fólust einkum í lagnaleiðum og slóðum, sem ekki höfðu verið ákveðnar sumarið áður, en einnig höfðu áætlanir um framkvæmdir breyst að nokkru leyti.

Verklýsing

Svæði sem könnuð voru sérstaklega nú voru eftirfarandi:

Bitruvirkjun (kort 1)


- Byggingarreitur stöðvarhúss og lagersvæði í Ingólfskvos
- Tveir borteigar vestan við Ingólfskvos (B4 og B5)
- Niðurrenslissvæði (N1)
- Lagnastæði út frá borteigum B4 og B5

Hverahlíð (kort 2)


- Fyrirhugað borsvæði (B6) í gamalli námu í Orrustuhólshrauni
- Byggingareitur stöðvarhúss, lagersvæði og vinnubúðir
- Lagnir frá þeim reit til austurs og vesturs
- Borsvæði og skiljustöð (B2 og S1)
- Niðurrenslissvæði (NA)

Önnur svæði höfðu verið gengin við fyrri fornleifakönnun.

¹ Birna Lárusdóttir. 2006. Fornleifakönnun vegna virkjanaáforma við Hverahlíð og á Ölkelduhálssvæði. FS327-06261. Fornleifastofnun Íslands.



Kort 1: Bitruvirkjun



Kort 2: Hverahlíð

Niðurstöður

Engar fornleifar fundust á svæðunum sem nú voru til skoðunar. Hrunin hleðsla, sennilega varða (Ár-721:077), sem ekki var vitað um áður, var skráð uppi á brún Svínahlíðar. Hún gæti hafa markað leiðina milli hrauns og hlíðar (Ár-721:019) sem lá upp á brúnina á þessum slóðum. Varðan er um 200 m vestan við áætlaða lagnaleið og ætti því ekki að vera í hættu að öllu óbreyttu.



ÁR-721:077 varða samgöngubót

64°03.063N 21°16.362V


Hrunin hleðsla, sennilega vörðubrot, er uppi á brún Svínahlíðar í stefnu NA af Litla Skarðsmýrarfjalli. Hún er beint norður eða norðvestur af vegarslóða sem liggur upp á brúnina um 100 m austur.

Brúnin er grýtt með urð og grjóti en sjálf hleðslan er á flatrí klöpp.

Í hleðslubrotinu er mjög stórt hraungrýti. Alls er hrúgan rúmur 1 m í þvermál og um 0,4 m há. Efstu steinarnir eru mosavaxnir. Umfang rústarinnar bendir ekki til að varðan hafi verið há. Hún hefur sennilega átt að vísa veginn upp hlíðina, enda lá vegurinn milli hrauns og hlíðar (sjá 019) upp á Svínahlíð á þessum slóðum áleiðis á Brúnkollublett 032.

Hættumat: engin hætta

Vert er að geta þess að nú virðist hætta steðja að gamla Hellisheiðarveginum (Ár-721:061) í



Smiðjulaut, en frá honum var greint í skýrslu árið 2006.² Skv. nýjum uppdráttum er nú ráðgert að lagnir liggi frá borsvæði (merkt B2 og S1 á korti 2) til norðvesturs í

² Sjá Birna Lárusdóttir 2006, bls. 31.

Smiðjulaut og virðast þær liggja fast utan í gamla veginum á 2-300 m löngum kafla. Rétt er



að ítreka að vegarspotti þessi er hluti af gamla þjóðveginum sem lagður var á árunum 1894-1895 og er friðaður skv. þjóðminjalögum. Hann hefur mikið varðveislu- og kynningargildi, enda hluti af merkilegri samgöngusögu á Hellisheiði og líklega hvergi jafn sýnilegur og einmitt á þessum stað.

Vegurinn í Smiðjulaut, horft til NA.

Viðauki: Tóftir við Skarðsmýri og hleðsla við Litla-Skarðsmýrarfjall

Við viðbótarkönnun fornleifa nú voru skráðar áður óþekktar minjar sem framkvæmdir virðast ekki koma til með að hafa áhrif á. Þetta eru annars vegar tóftir undir brún Orrustuhólshrauns, skammt sunnan við Skarðsmýri og hins vegar hleðsla um hellismunna um 1 km austar, undir vesturhlíð Litla-Skarðsmýrarfjalls. Minjanna er hvergi getið í heimildum svo vitað sé og ekki fyllilega ljóst hver tilgangurinn með þeim hefur verið. Ekki er ólíklegt að náttstaður ferða- eða leitarmanna hafi verið við Skarðsmýri. Ekki er víst að staðurinn hafi verið notaður að jafnaði og jafnvel gætu slík ummerki verið eftir mjög skammvinna notkun eða jafnvel aðeins eitt skipti. Sama má segja um hleðsluna við hellisskútann Lýsing á minjunum fylgir hér á eftir og þær eru merktar inn á kort aftast í skýrslunni.

ÁR-721:075 tóftir náttstaður

64°02.526N 21°19.142V




Þrjár tóftir eru við hraunbrún sunnan Skarðsmýrar, rúma 100 m austur af bíslóða sem liggur milli hrauns og hlíðar norður að Hengladalaá, undir austurhlíð Skarðsmýrarfjalls.

Tóftirnar eru undir stórskorinni og allt að 4-5 m hári hraunbrún og er þar dágott aðhald. Þýft og mosagróið er undir henni og hraungrýti stingst upp hér og þar. Skarðsmýrin er nokkrum tuga metra norðar og austar, slétt og nokkuð grösug.

Alls er tóftasvæðið um 30 x 30 m stórt. Stærsta tóftin, A, er syðst, fast undir hraunbrúninni. Hún er hlaðin í krika sem gengur inn í hana til suðurs. Þetta er greinilega aðhald, grjóthlaðið og alls um 8 x 4 m stórt norður-suður með op í norðurátt. Hleðslur eru að mestu ógrónar, mest um 70 cm að hæð þar sem hleðslan

stendur best, í austurlanghlíð. Sennilega hefur tóftin skipst með þvervegg um miðbikið, þar er grjótdreif yfir hana þvera sem gætu verið undirstöður úr hleðslu. 17 virðist náttúrulegur að hluta en á honum sjást leifar af byrgi sem er nær því að vera hring- en ferningslaga, 3-4 m í þvermál. Ekki er víst að hleðslan sé mjög gömul, í það minnsta er suðurhlíðin lítið gróin. Hleðsluhæð er mest um 0,4 m að innan en að utan rúmur 1 m sé staðið við rústina norðanverða. Dyr hafa sennilega vísað í vestur. Þess má geta að um 8 m vestur af tóft B er lítill hraunskúti með munna mót norðri sem hefði mátt nota sem skýli af einhverju tagi. Töluvert grjót er inni í honum en ekki vottar fyrir hleðslum. Nokkrum metrum austan við tóft B er mjög ryðguð og hálfyfirgróin bárujárnsplata. Að lokum er mjög óljós þúst, C, undir hraunbrún um 20 m NA af tóft A. Ekki er alveg ljóst hvort um tóft er að ræða. Þústin er um 5 x 3 m stór og liggur þétt við hraunbrún hér um bil A-V. Dyr gætu hafa snúið í austur eða vestur. Ekki er vitað til að þessara tófta sé nokkursstaðar getið í heimildum og raunar ekki fullvíst að þær séu mjög gamlar. Hugsanlega hafa smala- eða ferðamenn að eða jafnvel gist á þessum stað, en vitað er að Skarðsmýrin var áningarstaður forðum og leiðir manna lágu gjarnan þar um.






ÁR-721:076 hellir

Hellis skúti með hleðslu fyrir er fast vestan undir Litla-Skarðsmýrarfjalli, rétt tæpan 1 km austur af tóftum 075 við Skarðsmýri. Rani með miklum moldarflögum gengur til vesturs út úr fjallinu um 100 m norðan við skútann.

Skútinn er í jaðri hraunbreiðu sem er mikið til gróin og alls ekki jafn úfin og há hraunbrúnnin sem er nokkru sunnar. Skútinn liggur undir hraunið til vesturs en munninn snýr mót austri. Hann liggur fyrst nánast beint niður en síðan innundir brúnina. Mjög lítið ber á honum og hann sýnist lítill og langt í frá manngengur. Hlaðið er fyrir hann að austan og norðan er hleðslan því L-laga, um 2 x 1 m frá norðri til suðurs. Hún er mest um 2 umför

og um 40 cm há, úr hnallungum. Mikið er af grjóti ofan í skútannum, e.t.v. hrun en gæti þó hafa verið reynt að fylla upp í hann. Nokkrir ámóta skútar eru greinilega undir hraunhellunni fast austan við þennan en þeir virðast flestir yfirgrónir og hrundir og líta því út eins og jarðföll á yfirborðinu. Erfitt er að ímynda sér í hvaða tilgangi hafi verið hlaðið fyrir skútann. Hugsanlega hefur hann verið notaður í eitt skipti til að geyma kindur í smalamennsku enda virðist hæpið að fé hefði verið haldið sérstaklega til beitar á þessum stað. Þá er mögulegt að menn hafi gisti í skútannum, e.t.v. aðeins í eitt skipti, og hlaðið um hann til skjóls.

Hættumat: engin hættu



Fornleifar sem fjallað er um í skýrslunni merktar inn á loftmynd. Hættusvæðið í Smiðjulaut er afmarkað með gulum hring.